

## Fundargerð 1. stjórnarfundar, starfstímabilið 2010-2012

fimmtudaginn 11. mars 2010. Fundur hófst kl. 17:15 í fundarsal A Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson og Felix Sigurðsson. Einnig sat Jónas Egilsson starfandi framkvæmdastjóri fundinn fram að lið 7.

Stefán Halldórsson formaður setti fund og stjórnaði.

1. Verkaskipting nýrrar stjórnar samþykkt svohljóðandi: Varaformaður: Benóný Jónsson, ritari: Sigurður Ingvarsson, gjaldkeri: Hannes Strange og meðstjórnandi: Unnur Sigurðardóttir.
  - 1.1. Skv. niðurstöðum þingsins, taka varamenn sæti í stjórn í þessari röð: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Birgir Guðjónsson, Felix Sigurðsson, Katrín Sveinsdóttir, Haraldur Bóasson.
2. Nefndaskipan
  - 2.1. Fastanefndir. Formaður gerði grein fyrir því að sambandsaðilum hefði verið boðið að koma með tillögur um nefndarmenn, en formenn voru kosnir á þinginu. Ákveðið að senda innsendar tilnefningar félaga í nefndir til formanna nefnda.
  - 2.2. Fulltrúar í framkvæmdanefnd um NM unglina á Akureyri. Fulltrúar FRÍ: framkvæmdastjóri og Sonja Sif Jóhannsdóttir og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir sem varamaður.
  - 2.3. Nefnd um undirbúning og skipulag Skólapriprautarinnar. Samþykkt að óska eftir að núverandi fulltrúar sitji áfram þangað til verkefni lýkur.
  - 2.4. Nefnd um endurskoðun fræðslukerfis fyrir dómara. Frestað.
  - 2.5. Nefnd um endurskoðun aldursflokakerfis barna og unglina. Nefndin kosin á þingi: Gísli Sigurðsson, Þráinn Hafsteinsson og Helgi Haraldsson. Framkvæmdastjóri kalli nefndina saman.
  - 2.6. Vegna aðkallandi verkefna var samþykkt að koma mótanefnd til starfa sem fyrst – formaður leitar eftir umboði til að gera það utan fundar.
3. Niðurstöður Frjálsíþróttapings.
  - 3.1. Nýsamþykkt lög þarf að senda ÍSÍ til staðfestingar. Einnig þarf að senda bæði IAAF og EAA enskar þýðingar. Framkvæmdastjóra falið að ljúka málinu.
  - 3.2. Reglugerðir um fundarsköp og vinnureglur stjórnar, lagðar fram.
  - 3.3. Aðrar samþykktir:
    - 3.3.1. Ályktun um samþykkt um stofnum minningarsjóðs um Valbjörn Þorláksson (þskj. 13), vísað til formanns og framkvæmdastjóra.
    - 3.3.2. Ályktun um aukna þátttöku FRÍ í samstarfi Norðurlanda (þskj. 16). Formanni og framkvæmdastjóra falið að taka málið upp á komandi Norðurlandþingi.
    - 3.3.3. Ályktun um að kanna sameiginlegar reglur í keppni karla og kvenna (þskj. 18), vísað til laganefndar.
    - 3.3.4. Ályktun um starfsemi íþróttamannanefndar. Vísað til laganefndar til skoðunar.
    - 3.3.5. Ályktun um umsókn NM í víðavangshlaupum. Formanni falið að koma málinu á framfæri á komandi Norðurlandþingi.
    - 3.3.6. Aðrar reglugerðir eru í skoðun hjá laganefnd sambandsins sem mun yfirfara og senda til stjórnar að því loknu.

## **Frjálsíþróttasamband Íslands**

4. Fjármál.
  - 4.1. Rekstraryfirlit fyrir janúar og febrúar 2010 lagt fram. Í ljós hefur komið að bókhaldi sambandsins er ábótavant.
  - 4.2. Fjárhagsáætlun fyrir 2010 og 2011 lögð fram.
  - 4.3. Samningar við samstarfsaðila FRÍ. Ganga þarf til viðræðna við helstu aðila m.a. vegna útsendinga á Demantsmótum IAAF í RUV í sumar.
  - 4.4. Framkvæmdastjóri vakti athygli á að keppnisbúningar sambandsins þarfnist endurnýjunar við.
  
5. Þátttaka í alþjóðlegum mótum:
  - 5.1. Þátttaka í Vetrarkastmóti EAA, 20. og 21. mars nk. Ákveðið var af fyrri stjórn að senda tvo keppendur og bjóða tveimur til viðbótar að fara á eigin kostnað.
  - 5.2. Tillaga um bráðabirgðaskráningu á EM í Barcelona í júlí/ágúst nk. FRÍ fær gistikostnað greiddan fyrir tvo keppendur, annan kostnað þarf sambandið/keppendur að bera. M.v. forskráningu á 10 keppendum er áætlaður umframkostnaður kr. 650 þús. umfram fyrri áætlun.
  - 5.3. Meistarakeppni landsliða (European Team Championships, áður Evrópubikar), 19. – 20. júní í Marsa á Möltu. Lagt fram.
  - 5.4. Unnur Sigurðardóttir greindi frá æfingabúðum landsliðs 11. mars nk.
  - 5.5. Meistaramót 11-14 ára um komandi helgi. Þátttaka er mjög góð eða um 1.530 skráningar.
  
6. Önnur mál.
  - 6.1. Framkvæmdastjóri greindi frá fyrirhuguðu námskeiði á 1. stigi nýsamþykks þjálfarafræðslukerfis (CECS) eða Kids Athletics, bæði á Akureyri og í Reykjavík. Stefnt að II. stigs námskeiði fyrir leiðbeinendur í haust.
  - 6.2. Erindi frá Atlas endurhæfingu, lagt fram. Fyrirtækið er með aðsetur í Laugardal og sérhæfir sig í meðferð íþróttamanna.
  
7. Starfsmannamál. Rætt, afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.10.

Sigurður Ingvarsson

Jónas Egilsson.